

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 12. TBL. 28. NÓVEMBER 2008

## Af nýafstöðnu námskeiðahaldi haustsins

Námskeiðahaldi haustsins er lokið. Alls skráðu rúmlega 400 kennarar sig á námskeið Skólaskrifstofu á um 550 laus pláss. Þátttakan á þessi námskeið varð í reynd að um 350 kennarar mættu á námskeiðin. Það er nálægt því að hver kennari í bænum hafi farið á eitt námskeið Skólaskrifstofu í haust en heildarfjöldi stöðugilda í kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar haustið 2009 eru rétt um 350.

Þá eru reyndar ótalin námskeið frá Skólaskrifstofu sem snúa að SMT-skólafærni og þau námskeið sem eru tilboð til allra starfsmanna á starfsmanna-

fundum í skólum. Þá eru einnig ótalin námskeið og fræðslufundir sem grunnskólarnir standa að sjálfir fyrir sína starfsmannahópa á skipulagsdögum, starfsmannafundum og heimsóknum.

Námskeið fyrir vorönn eru í undirbúningi og verða þau kynnt fyrir kennurum síðari hluta janúar. Nýju námskeiðin verða kynnt í námskeiðsbæklingi en námskeiðin verða haldin í febrúar, mars og apríl.



Myndin er frá námskeiði um ráð við reiði fyrir í nóvember.

## Syngjandi jól í Hafnarborg 6. desember

Syngjandi jól er sönghátíð sem haldin er í Hafnarborg á aðventu. Þar koma fram ýmsir kórar í bænum og syngja fyrir gesti og gangandi. Syngjandi jól verða nú laugardaginn 6. desember frá kl. 9.40 að morgni fram til kl. 19. Á dagskránni er óslitinn kórsöngur þar sem hver kór fær 20 mínútur til að syngja og næsti kór tekur þá við.

Myndir er af kór Lækjarskóla, tekin á 130 ára afmæli skólans.



Kórar frá grunnskólunum í Hafnarfirði syngja á þessum tímum:

- 11:20-11:40  
Kór Hvaleyrarskóla
- 11:40-12:00  
Kór Öldutúnsskóla

- 12:20-12:40  
Kór Áslandsskóla
- 12:40-13:00  
Skólakór Lækjarskóla
- 14:20-14:40  
Kór Setbergsskóla
- 14:40-15:00  
Kór Engidalsskóla

## Skólaþróun



## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Námsgagnastofnun hefur opnað vefinn Málfrasmolar. Þar má finna ýmsar stuttar leiðbeiningar um málnotkun fyrir börn. Slóðin er: <http://www.nams.is/malfarsmolar/index.htm>.



» Þá hefur verið að koma út nýtt námsefni frá Námsgagnastofnun. Hér má nefna nýjan flokk kennslubóka í stærðfræði sem nefnist **Sproti**. Fyrsta bókin var að koma út og kennarabók er væntleg og næsta hefti kemur á nýju sumri. Efnið er ætlað nemendum á yngsta stigi og miðstigi.

» Námsgagnastofnun heldur áfram útgáfu bóka um verklega kennslu. Nú var að koma út kennslubók um glervinnslu en áður hafa komið út bækur um málmsmíði og trésmíði.

» Þá hefur bæst við hlustunarefni og kvikmyndir Námsgagnastofnunar í haustsem hlaðið er niður af vefnum. Það er hægt að nálgast í gegnum vef stofnunarinnar, [www.nams.is](http://www.nams.is). Sjá einnig nánar nýtt dreifibréf stofnunarinnar: [http://www.nams.is/media/upplýsingaefni/dreifibref\\_des08.pdf](http://www.nams.is/media/upplýsingaefni/dreifibref_des08.pdf).


Myndin er frá tölunámskeiði í nóvember, f.v. Anna María og María.

## Kennsla með veggjamíðum (word walls)



### Fræðiefnið

**Word walls: A support for literacy in secondary school classroom** er 14 síðna handbók fyrir kennara. Þar er kennd aðferð í kennslu til að efla orðaforða nemenda og hugtaka-skilning í öllum námsgreinum. Meginhugmyndin er að nýta miða til að skrá upplýsingar og gera þá sýnilega með birtingu á veggjum skólafunnar - allt eftir



virku skipulagi. Þetta er ákveðin kennslutækni, þ.e. kynnrir í senn vinnubrögð og vinnuferli.

Bókin er ætluð til kennslu nemenda á miðstigi og elsta stigi grunnskóla.

**VEFSLÓÐ:** <http://www.curriculum.org/tcf/teachers/projects/repository/wordwalls.pdf>



## Tilkynning vikunnar

Jólaborpið opnar á morgun, laugardaginn 29. nóvember kl. 13 og er opið til kl. 18 allar helgar fram til jóla og frá kl. 16-22 á Þorláksmessu.

Næsta blað *Skólavefritsins* er væntanlegt föstudaginn 5. desember 2008

## Nýr kennsluvefur með hlustunarefni

Opnaður hefur verið nýr vefur með hlustunarefni og er hann ekki síst ætlaður til kennslu. Vefurinn er á vegum sömu aðila og reka Skólavefinn ([www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is)). Markmiðið með nýja vefnum er að kynna til sögunnar ýmis konar lesefni sem hægt er að hlusta á og gefa þeim sem eiga erfitt með lestur

tækifæri til að njóta bókmennta. Aðgangur að vef-



num er seldur og eru tilboð til skóla og vinnustaði um aðgang að efni vefsins.

## Vefhornið

Efninu er skipt í nokkra flokka og ætti að höfða til ólíkra aldurshópa. Auk þess má gera ráð fyrir að efnið eigi aðeins eftir að aukast. Vefurinn endurspeglar þróun í miðlun hlustunarefnis, þ.e. að miðla því í gegnum vefinn frekar en að á geisladiskum. Benda má að Námsgagnastofnun er að gera slíkt hið sama.

**VEFSLÓÐ:** <http://www.hlusta.is/>